

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Þjóna með andanum

Henry B. Eyring forseti
fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu

Ég er þakklátur fyrir að vera meðal ykkar sem njótið þess heiðurs Guðs að hafa prestdæmið. Við höfum verið kallaðir til að beita guðlegum krafti í þjónustu við börn himnesks föður. Hversu vel okkur tekst að framfylgja þeirri skyldu, mun hafa eilífar afleiðingar fyrir þá sem við erum kallaðir til að þjóna og fyrir óbornar kynslóðir.

Helg er minning mín um tvo prestdæmishafa, sem voru hæfir þess anda Guðs með sér í þeim erindagjörðum sem Drottinn bauð þeim að annast. Sjálfir fundu þeir hið endurreista fagnaðarerindi í Ameríku. Þetta voru þeir þjónar Drottins sem fyrstir urðu til að ræða um fagnaðarerindið við tvö evrópsk ungmenni, formóður mína og forfaðir.

Unga stúlkan bjó á litlu býli í Sviss. Ungi maðurinn, munaðarleysingi og innflytjandi til Bandaríkjanna frá Þýskalandi, bjó í St. Louis, Missouri.

Bæði heyrðu þau prestdæmishafa bera vitni um hið endurreista fagnaðarerindi, stúlkan við eldstæðið á sínu fábrotna heimili í Sviss og pilturinn á verönd leigusalarkynna í Ameríku. Bæði vissu þau fyrir áhrif andans að boðskapur þessara öldunga væri sannur.

Pilturinn og stúlkan ákváðu að láta skírast. Þau tvö sáu hvort annað í fyrsta sinn á rykugum vegarslóða árum síðar, er þau gengu hundruð kílómetra að fjöllum Vestur-Ameríku. Þar sem þau gengu hlið við hlið ræddu þau um þessa undursamlegu blessun: Að þjónar Guðs skyldu hafa fundið þau í hinum fjölmenna heimi. Og það sem meira var, að þau vissu að boðskapur þeirra væri sannur.

Þau urðu ástfangin og giftu sig. Og vegna vitnisburðar andans, sem tekið hafði að vaxa þegar þau hlýddu á orð prestdæmishafanna og nutu áhrifa heilags anda, voru þau innsiglið um eilífð með prestdæmisvaldinu. Ég er einn af tugþúsundum niðja þessa pils og stúlku, sem vegsama nöfn þessara tveggja prestdæmishafa, er höfðu anda Guðs í þjónustu sinni, þegar þeir þrömmuðu um hæðir Sviss og risu á fætur til að taka til máls á

samkomunni í St. Louis.

Sú gleðisaga, ásamt milljónum henni líkum, eru sagðar víða um heim og verða sagðar meðal komandi kynslóða. Hjá sumum er það saga um ungan heimiliskennara sem mælti orð er vöktu þrá í brjósti afa þeirra til að koma aftur í kirkju. Hjá öðrum eru það hughreystingarorð og blessun patriárka, sem taldi kjark í móður þeirra þegar hörmungar urðu næstum til að yfirbuga hana.

Þessar sögur eiga sameiginlegt þema. Sem er kraftur prestdæmishafa til þjónustu og blessunar, efldur af krafti heilags anda.

Og því er boðskapur minn til ykkar þessi í kvöld: Gerum allt sem þarf til að vera verðugir samfélags heilags anda og göngum síðan fram óttalausir í þeirri vissu, að okkur hafi verið gefinn kraftur til að gera hvaðeina sem Drottinn kallar okkur til að gera. Krafturinn til þjónustu kann að vaxa hægt. Það kann að gerast í svo smáum skrefum, að við fáum vart skynjað það, en við munum hljóta hann.

Í kvöld ætla ég að koma með nokkrar ábendingar um hvernig þið getið gert ykkur hæfa fyrir samfélag heilags anda í prestdæmisþjónustu ykkar. Ég mun síðan greina frá nokkru dæmum um prestdæmisþjónustu, þar sem þið getið vænst þess að kraftur ykkar til að þjóna eflist fyrir áhrif andans.

Við vitum að þegar við vorum staðfestir inn í kirkjuna var okkur veitt gjöf heilags anda. En samfélag heilags anda, staðfestingar þess í lífi okkar og þjónustu, krefst þess að við komum reglu á líf okkar, svo við verðum hæfir fyrir það.

Við ræktum andlegar gjafir með því að halda boðorðin og reyna að lifa flekklausu lífi. Það krefst trúar á Jesú Krist að iðrast og hreinsast fyrir friðþægingu hans. Við ættum því sem prestdæmishafar aldrei að glata því tækifæri og loforði sem meðlimum hinnar endurreistu kirkju er veitt á hverri sakramentissamkomu, heldur taka fúslega og af öllu hjarta þátt í því að: „Taka á [okkur] nafn sonar [Guðs] og hafa hann ávallt í huga og halda boðorð hans, sem hann hefur gefið þeim, svo að andi hans sé ætíð með [okkur].“⁴¹

Á sama hátt og við verðum að hreinsast af synd til að hafa anda hans með okkur, verðum við að vera auðmjúkir frammi fyrir Guði og viðurkenna þörfina fyrir andann. Lærisveinar hins upprisna frelsara sýndu slíka auðmýkt, líkt og fram kemur í Mormónsbók.

Frelsarinn var að búa þá undir þjónustu þeirra. Þeir krupu til að biðja. Hér er frásögnin: „Og þeir báðu um það, sem þeir þráðu heitast. Þeir þráðu, að heilagur andi mundi veitast

þeim.“² Þeir voru skírðir, líkt og þið. Og sagan segir að fyrir bænarákall þeirra hafi þeir fyllst heilögum anda og eldi.

Frelsarinn bað upphátt til að þakka föður sínum fyrir að gefa heilagan anda þeim sem hann hafði útvalið sökum trúar þeirra á hann. Og síðan bað frelsarinn um andlega blessun fyrir þá sem þeir þjónuðu. Drottinn ákallaði föður sinn þannig: „Faðir, ég bið þig að veita öllum þeim, sem á orð þeirra trúa, heilagan anda.“³

Sem auðmjúkir þjónar frelsarans ættum við að biðja um að staðfesting heilags anda veitist okkur í þjónustu okkar og einnig þeim sem við þjónum. Auðmjúk bæn til himnesks föður, í heitri trú á Jesú Krist, er nauðsynleg til að vera hæfur samfélags heilags anda.

Auðmýkt okkar og trú, sem stuðla að andlegum gjöfum, munu aukast með lestri okkar, námi og ígrundun á ritningunum. Við höfum allir heyrt þessi orð. En samt kunnum við að lesa aðeins fáeinar línur eða síður í ritningunum á degi hverjum í þeirri von að það nægi.

En lestur, nám og ígrundun eru ekki eitt og hið sama. Við lesum orð og við fáum kannski hugmyndir. Við lærum og við uppgötva ef til vill mynstur og tengingar í ritningunum. En þegar við ígrundum, bjóðum við anda opinberunar heim. Mér finnst ígrundun vera sú hugleiðing og bænargjörð sem ég geri eftir að hafa lesið og lært vandlega í ritningunum.

Mér finnst Joseph F. Smith forseti hafa gefið fordæmi um hvernig ígrundun getur stuðlað að ljósi frá Guði. Það er skráð í kafla 138 í Kenningu og sáttmálum. Hann hafði lesið og lært margar ritningargreinar og reynt að skilja hvernig áhrif friðþægingar frelsarans gætu náð til þeirra sem látist höfðu án þess að hafa hlýtt á boðskap hans. Hér er frásögn hans um hvernig opinberun barst honum:

„Meðan ég ígrundaði það, sem skrifað stendur, lukust augu skilnings míns upp og andi Drottins hvíldi yfir mér og ég sá herskara hinna dánu, bæði smáa og stóra.“⁴

Iðrun, bæn og ígrundun á ritningunum eru nauðsynleg til að við verðum hæfir fyrir gjafir andans í prestdæmisþjónustu okkar. Frekari efling á krafti okkar til að þjóna mun eiga sér stað þegar við sýnum trú og höldum áfram í köllunum okkar með hjálp heilags anda.

Thomas S. Monson forseti setti það svona fram: „Hver er merking þess að efla köllun [ykkar]? Það táknar að byggja hana upp af göfgi, ... að stækka hana og styrkja svo að ljós himins skíni gegnum hana og aðrir menn sjái. Og hvernig eflir maður köllun? Einfaldlega með því að framkvæma þá þjónustu sem henni tilheyrir.“⁵

Ég bendi á tvennskonaþjónustu sem við erum kallaðir til að inna af hendi. Þið og aðrir munu sjá kraft ykkar til þjónustu vaxa og eflast, er þið innið hana af hendi fyrir áhrif andans.

Hið fyrra er að ykkur ber að kenna og vitna fyrir öðrum sem fulltrúar hans. Drottinn beindi þessu boði sínu um þjónustu einnig til yngsta og óreyndasta Aronsprestþæmishafans. Eftir að hann hafði gert grein fyrir skyldum Aronsprestþæmishafa, sagði hann:

„En hvorki kennarar né djákna hafa vald til að skíra, þjónusta sakramentið eða leggja hendur yfir aðra.

Þeir eiga samt sem áður að aðvara, útskýra, hvetja og kenna og bjóða öllum að koma til Krists.“⁶

Einhvers staðar í þessum heimi mun sveitarforseti í næstu viku biðja djákna um að bjóða meðlimi sveitar sinnar, sem hann hefur ekki áður séð, að koma á fund sveitarinnar. Hinn 13 ára gamli forseti er ekki líklegur til að nota hugtökin „aðvara, útskýra og kenna“ er hann ræðir við drenginn. En það er það sem Drottinn væntir af djáknanum sem boðið var að fara til bjargar.

Djáknanum sem fær boðið um að fara til meðlims sveitar sinnar, mun ég gefa loforð um þrennt. Í fyrsta lagi mun andinn slá á ótta þinn þegar þú biður um hjálp. Í öðru lagi mun það vekja þér undrun að þú skulir vita hvað segja skal þegar þú kemur á heimili þess sem bjóða á, og á göngu þinni með honum til kirkju. Það sem þú segir kann þér að virðast ruglingslegt. En þú munt finna að orðin voru þér gefin á þeirri stundu sem þú þurftir á þeim að halda. Og í þriðja lagi munt þú finna viðurkenningu Drottins, sem kallaði þig, fyrir atbeina forseta þíns, hver sem útkoman verður.

Ég get ekki lofað árangri því sérhverjum manni er frjálst að velja hvernig hann bregst við þjóni Guðs. En sá djákni sem þú ræddir við fyrir Drottin, mun ekki gleyma að komið var til hans. Ég vissi um einn dreng, sem nú er fullorðinn og enn langt frá því að vera virkur í kirkjunni, sem sagði afa sínum frá slíkri heimsókn fyrir 20 árum. Það virtist ekki hafa skilað neinum árangri, en samt nefndi hann djáknan sem kom með nafni. Afinn bað mig að finna djáknan sem boðið hafði verið að útskýra, hvetja og kenna og færa honum þakkir. Þetta hafði aðeins verið einn dagur í lífi drengs, en afinn og Drottinn mundu eftir þeim orðum sem drengnum var boðið að mæla, og nafni hans.

Ég hvet okkur alla, unga sem aldna, sem kallaðir eru til að mæla á samkomum í nafni

Drottins, til að hætta að efast um sjálfa okkur og okkar eigin getu. Við þurfum ekki að nota flókið mál eða djúpar hugsanir. Einföld orð vitnisburðar duga. Andinn mun gefa ykkur orð í munn og festa þau í hjörtu hinna auðmjúku sem leita sannleika Guðs. Ef við reynum að mæla fyrir Drottin, munum við einhvern daginn verða undrandi yfir að vita að við höfum aðvarað, útskýrt, hvatt og kennt með hjálp andans öðrum til blessunar, langt umfram eigin getu.

Auk boðsins um að kenna, verðum við allir sendir af Drottni til að liðsinna hinum nauðstöddu. Það er annars konar prestdæmisþjónusta, þar sem við munum finna áhrif andans auka kraft okkar til þjónustu. Þið verðið hæfari til að greina sársauka og sorgir í andliti fólks. Nöfn eða andlit fólks í sveit ykkar koma upp í hugann, ásamt hugboði um að það búi við nauð.

Biskupar fá þessa tilfinningu á kvöldin og alltaf þegar þeir sitja á pallinum og virða fyrir sér meðlimi deildar sinnar eða hugsa um þá sem ekki hafa komið. Þeir geta fundið þetta þegar þeir eru nærri sjúkrahúsi eða heilsugæslustöð. Oftar en einu sinni hef ég heyrt þessi orð, er ég hef gengið inn um dyr sjúkrahúss: „Ég vissi að þú kæmir.“

Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því hvað segja skal eða gera þegar þangað er komið. Elska Guðs og heilagur andi kunna að nægja. Þegar ég var ungur maður óttaðist ég að vita ekki hvað mér bæri að gera eða segja fólki til hjálpar í mikilli neyð.

Eitt sinn var ég á sjúkrahúsi við hlið föður míns sem virtist nær dauða. Ég heyrði hjúkrunarkonur tala saman frammi á gangi. Skyndilega kom Spencer W. Kimball forseti inn í herbergið og settist í stól hinumegin við rúmið, gegnt mér. Ég hugsaði með mér: „Nú gefst mér kostur á að hlusta og fylgjast með hvernig meistari ber sig að við hina sjúku og hrjáðu.“

Kimball forseti heilsaði með nokkrum orðum, spurði svo föður minn hvort hann hefði fengið prestdæmisblessun og síðan, eftir að faðir minn játti því, hallaði spámaðurinn sér aftur í stólnum.

Ég beið eftir að hann sýndi hæfileika sína til að hughreysta, sem mér fannst mig skorta og hafa svo mikla þörf fyrir. Eftir að hafa fylgst með mönnunum tveimur í um fimm eða tíu mínútur aðeins brosa af rósemd hvor til annars, stóð Kimball forseti upp og sagði: „Henry, ég held ég fari áður en þú þreytist of mikið.“

Ég hélt að ég hefði misst af lexíunni, en hún kom síðar. Eftir að pabbi hafði náð sér það mikið að hann kom heim, ræddum við saman af rósemd og málið barst að heimsókn

Kimballs forseta. Pabbi sagði rólega: „Af öllum þeim heimsóknum sem ég fékk eflidist andi minn mest við heimsókn hans.“

Kimball forseti þurfti ekki að mæla fjölmörg huggunarorð, a.m.k. ekki svo ég heyrði. Hann koma með anda Drottins með sér til að hughreysta. Mér er nú ljóst að hann var að hagnýta sér þá lexíu sem Monson forseti kenndi: „Hvernig eflir maður köllun sína? Einfaldlega með því að framkvæma þá þjónustu sem henni tilheyrir.“

Þannig er það, hvort heldur við erum kallaðir til að kenna fagnaðarerindið með andanum eða fara í samfélagi heilags anda til þeirra sem hafa veikbyggð kné og máttvana arma.⁷ Prestdæmisþjónusta okkar mun eflast, fólk mun blessað og ljós himins verður þar.

Ljós himins verður þar fyrir okkur, sem og fyrir þá sem við þjónum. Við getum orðið þreyttir. Vandi okkar og fjölskyldu okkar kann að virðast mikill. En þeir njóta blessunar hughreystingar sem þjóna með áhrifum andans.

George Q. Cannon forseti fékk sinn skerf af sorg, andstreymi og raunum í sinni áralöngu prestdæmisþjónustu. Hann upplifði einnig reynslu af samfélagi heilags anda á erfiðum tímum og í annasamri þjónustu. Þetta eru hughreystingarorð hans til okkar í prestdæmisþjónustu okkar, í kirkjunni og fjölskyldunni. Mér finnst loforðið hafa uppfyllst þegar ég hef fundið andann í prestdæmisþjónustu minni.

„Alltaf þegar myrkur fyllir huga okkar, ættum við að vita að andi Guðs er ekki með okkur. ... Þegar við erum þrungnir af anda Guðs, erum við fullir af gleði, friði og hamingju, hverjar sem aðstæður okkar eru; og það er andi fagnaðar og hamingju. Drottinn hefur veitt okkur gjöf heilags anda. Forréttindi okkar eru að hafa heilagan anda hið innra, svo að við fáum frá morgni til kvölds og frá kvöldi til morguns notið gleðinnar, ljóssins og opinberunarinnar sem frá honum stafa.“⁸

Við getum vænst þess að hljóta slíka blessun hamingju og gleði á erfiðum stundum í trúfastri prestdæmisþjónustu okkar, er við þurfum á að halda.

Ég ber vitni um að við erum kallaðir af Guði með spádómi. Þetta er hin sanna kirkja Jesú Krists, endurreist fyrir atbeina spámansins Josephs Smith. Guð lifir og heyrir allar okkar bænir. Jesús er hinn upprisni Kristur og frelsari okkar. Þið getið komist að sannleiksgildi þess fyrir kraft heilags anda, sem ykkur mun hlotnast í þjónustu ykkar. Í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. K&S 20:77.

2. 3 Ne 19:9.

3. 3 Ne 19:21.

4. K&S 138:11.

5. Thomas S. Monson, „Priesthood Power,“ *Liahóna*, jan. 2000, bls. 60.

6. K&S 20:58–59.

7. K&S 81:5.

8. George Q. Cannon, í samansafni Brians H. Stuy, *Collected Discourses Delivered by President Wilford Woodruff, His Two Counselors, the Twelve Apostles, and Others*, 5. bindi (1987–92), 4:137.